

Stjórnarfundur nr. 3

15. júlí 2009 kl.16:15 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal Gestsson, Jóna Th. Viðarsdóttir, Guðríður Valgeirsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Ritnefnd Sáms

Á stjórnarfundum þann 10. júní fannst stjórnarmönnum að bæta þyrfti við einum nefndarmanni í ritstjórn Sáms. Auður Sif tók að sér að tala við Ingu Björk Gunnarsdóttur, sem hefur samþykkt að taka sæti í nefndinni. Ritnefnd Sáms er því þannig skipuð:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritstjóri auja83@gmail.com
Anja Björg Kristinsdóttir, anja@shihtzuhundar.com
Anna Francesca Rósudóttir, anna@vinnuhundar.com
Inga Björk Gunnarsdóttir, spredill@emax.is
Þorsteinn Thorsteinsson, sunnusteinn@simnet.is

2. Sumarsýning HRFÍ 27. – 28. júní 2009.

A-2280

Alls voru skráðir til þátttöku tæplega 650 hundar af 82 hundategundum. Alls tóku þátt 31 ungir sýnendur á aldrinum 10-13 og 14-17 ára. Dómarar voru Tamas Jakkal frá Ungverjalandi, Svein Helgesen frá Noregi, Mark Houston-McMillan og Guy Jeavons frá Kanada, Christine Rossier-Feuz frá Sviss. Anna Francesca Rósudóttir dæmdi unga sýndendur. Mjög gott veður var sýningarhelgina og hefur það eflaust haft áhrif á hvað fáir greiddu inn á sýninguna, en seldir voru 644 aðgöngumiðar. Fáir kynningar- og deildarbásar voru á sýningunni. Eins og venjulega voru dómarar afar ánægðir með skipulag, umgjörð og starfsfólk sýningarinnar. Tamas, Svein og Christine hafa sent þakkarbréf.

3. Afmælisýning 22. – 23. ágúst

Afmælisýning Hundaræktarfélagss Íslands fer fram dagana 22. og 23. ágúst 2009 í Reiðhöll Fákis í Víðidal í Reykjavík. Í tilefni af 40 ára afmæli félagsins verður staðið fyrir tveimur aðskildum sýningum. Félagsmenn geta skráð hunda sína eingöngu á laugardag eða sunnudag eða báða daga. Ef valið er að sýna hund báða daga er veittur 50% afsláttur af seinni skráningu hundsins (t.d. 4500+2250=6750). Skrái sami eigandi fleiri en tvo hunda á fullu verði (4.500/6750) er gefinn helmingsafsláttur af skráningargjaldi þriðja, fjórða...o.s.frv

Dómarar að þessu sinni eru: Guðrún Guðjohnsen (Ísland), Sigríður Pétursdóttir (Ísland), Carl-Gunnar Stafberg (Svíþjóð), Jean Lanning (Bretlandi), Helle Dan Pálsson (Danmörku), Jörgen Hindse (Danmörku), Kåri Järvinen (Finnland), Marie Petersen (Danmörku), Rune Fagerström (Finnland), Åke Cronander (Svíþjóð) og Auður Sif Sigurgeirsdóttir dæmir unga sýnendur.

Á þessari sýningu geta hundar fengið íslensk meistarastig og stig teljast fyrir stigahæsta hund ársins. Að auki fer fram keppni ungra sýnenda, parakeppni hunda, ræktunar- og afkvæmahópar verða dæmdir. Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 21. ágúst 2009 og hefst kl. 17:00 á yngri flokki 10-14 ára. Auður Sif Sigurgeirsdóttir dæmir unga sýnendur.

Það er alveg ljóst að ekki verður hægt að framkvæma sýninguna á tveimur dögum nema með góðri skipulagningu og fórnfúsu starfi félagsmanna. Vonandi bjóða félagsmenn sig fram til vinnu þessa daga.

Rætt hefur verið um að unglíngadeild sýni hunda fyrir starfsmenn sýningar þeim að kostnaðarlausu og það sé framlag unglíngadeildar.

4. Undirbúningur fyrir afmælishátíð – Valgerður greindi frá vinnslu og gróflegri dagskrá. Margir komu að hugmyndavinnu afmælishátíðar en þegar kom að framkvæmd fækkaði hópnum niður í 10-12 manns. Á lokafundi var aðeins einn hópur búinn að senda frá sér dagskrá til kynningarhóps en lokadagur var 14. júlí. Í ljósi áhugaleysis félagsmanna var ákveðið að kynningarhópurinn hitti Valgerði og ynni að gróflegri dagskrá og senda síðan tímasettar upplýsingar til þeirra sem ætla að vera með atriði. Þegar kynningarhópur hittist til að vinna að gróflegri dagskrá var ljóst miðað við ofangreindar upplýsingar að afmælishátíð yrði aðeins eitt kvöld þ.e. fimmtudaginn 27. ágúst frá kl. 17-22. Hópurinn vinnur nú að nánari útfærslu á dagskrá. Einnig er verið að skipuleggja Laugavegsgöngu og árshátíð laugardaginn 29. ágúst. Búið er að panta Þóttaraheimlið, mat og diskó.

5. **Afmælisútgáfa Sáms.** Auður Sif sagði gróflega frá hvað yrði í birt í blaðinu.
6. **NKU fundur föstudaginn 21. ágúst á Grand Hotel** **A-2281**
Undirbúningur hafinn. Ljóst að mikil vinna er framundan við að skipuleggja fundinn ásamt afmælisýningu. Stjórn HRFÍ er boðið að sitja NKU fundinn. HRFÍ á að senda inn erindi fyrir 5.ágúst.
7. **Vinnupróf - vinnuhundadeild** **A-2282**
Ítrekað hefur verið haft samband við stjórn nýstofnaðar vinnuhundadeildar án árangurs. Stjórn harmar vinnubrögð deildarinnar og áhugaleysi.
8. **FCI – Fundargerð Europe Section 22.apríl 2009 – Búið að afhenda stjórnarmönnum**
9. **FCI - Fundargerð Europe Section í Dublin 2. júní 2009**
10. **Bréf frá DÍF – beiðni um skráningu í ættbók** **A-2283/A-2284a**
Stjórn samþykkir beiðina.
11. **Tillögur að breytingu á ræktunarstaðli fyrir íslenska fjárhundinn** **A-2284c**
12. **Breytingartillaga á grundvallarreglum – frestað frá síðasta fundi**
 1. Almenn
Félagsmönnum í Hundaræktarfélagi Íslands ber að:
 - 1.5. Hvorki styðja né taka þátt í þjálfun, prófum eða keppnum sem byggja á ógnun eða átökum hunds og manns. Þessi regla gildir um starfsemi á Íslandi. Í undantekningartilvikum viðurkennir HRFÍ próf og keppni á vegum erlendra hundaræktarféлага þar sem svokölluð varnarvinna er hluti þess.**Samþykkt**
13. **Fundargerð frá Dómararáði** **A-2284**
14. **FCI Circular 46/2009 HIP DYSPLASIA – Jóna sendir á stjórnarmenn**
15. **FCI Circular 48/2009 Amendment to every FCI Breed Standard**
16. **Byrjenda- og framhaldsræktunarnámskeið (anatomy and judging)**
var haldið í Sólheimakoti 19. og 20. júní 2009. Leiðbeinandi er sem fyrr var Hans-Áke Sperne frá Svíþjóð. 10 mættu á byrjendanámskeið og 14 á framhaldsnámskeiðið.
17. **Skýrsla fulltrúa HRFÍ á veiðiprófi 500905 á Hjalteyrarmóum í Eyjafirði** **A-2285**
18. **Skýrsla frá prófstjóra veiðiprófs 500906 hjá írsk-setterdeild þann 1. – 3. maí sl.** **A-2286**
19. **Skýrsla frá fulltrúa HRFÍ á retriever veiðiprófi 200903 á Tjarnhólum** **A-2287**
20. **Ársskýrsla 2008 frá Grefil- og sporhundadeild**
21. **Samantekt yfir starfsemi Svæðafélags Norðurlands sl. ár**
22. **Umsókn frá FHD um aukaveiðipróf 5. – 7. september n.k.** **A-2288/A-2288a**
Samþykkt
23. **Verkefnalisti stjórnar HRFÍ**
Björn Ólafsson skilaði inn lista með hugmyndum á stjórnarfundi 10. júní sl.
Ákveðið að allir í stjórn búi til sinn verkefnalista sem farið verður sameiginlega yfir eftir afmælisýningu.

24. Önnur mál

- **Hundafiminámskeið 28.-30. ágúst – Erlendur leiðbeinandi**

Hundafiminámskeið með erlendum leiðbeinanda verður haldið á vegum Hundaræktarfélags Íslands föstudaginn 28.- 30. ágúst n.k. Námskeiðið er bæði verkleg og bókleg kennsla. Leiðbeinandi er landsliðsþjálfari Noregs í hundafimi, Lars Bang. Íþróttadeild HRFÍ sér um skipulag og framkvæmd námskeiðsins. Skráning fer fram á netfanginu hundafimi@hotmail.com.

Þátttakendur þurfa að hafa lokið hundafiminámskeiði hjá HRFÍ og mætt í opna tíma í hundafimi.

Þátttökugjald er kr. 20.000 sem þarf að greiðast inn á reikning HRFÍ (515 26-707729 kt. 680481-0249, merkt Lars Bang og nafni þátttakanda) eða á skrifstofu félagsins fyrir 20. júlí n.k. Vinsamlegast sendið tilkynningu um greiðslu á hrfi@hrfi.is og hundafimi@hotmail.com. Skráning er ekki gild nema greiðsla fylgi.

Hámarksfjöldi námskeiðs eru 16 þátttakendur. Hægt er að skrá sig sem áhorfanda á pöllum án hunds, verð kr. 8.000 fyrir helgina. Hámarksfjöldi áhorfenda er 8 manns.

Drög að dagskrá:

Föstudagur 28. ágúst kl. 13:00 – 18:00

Laugardagur 29. ágúst kl. 08:00 – 17:00

Sunnudagur 30. ágúst kl. 13:00 – 17:00

- **Boða unglíngadeild á fund. Auður Sif ætlar að finna fundartíma með stjórn deildarinnar og láta okkur vita.**
- **Viðurkenningarskjöl fyrir dómara réttindi verða afhent neðangreindum aðilum miðvikudaginn 22. júlí kl. 19:00 á skrifstofu félagsins. Valgerður boðar alla.**

Albert Steingrímsson –

Björn Ólafsson –

Guðrún Sigríður Sigurðardóttir-

Lilja Dóra Halldórsdóttir –

María Dóra Þórarinsdóttir –

Traditional style og Collecting style,

Ragnar Sigurjónsson –

Sigríður Bílddal –

Valgerður Júlíusdóttir –

dómara réttindi til að dæma brons hlýðni, hlýðni I og II

dómara réttindi til að dæma brons hlýðni, hlýðni I og II

dómara réttindi til að dæma smalaeðlispróf

dómara réttindi til að dæma brons hlýðni, hlýðni I og II

dómara réttindi til að dæma smalaeðlisprófin FCI-HWT

dómara réttindi til að dæma hundafimikeppnir

dómara réttindi til að dæma brons hlýðni

dómara réttindi til að dæma brons hlýðni, hlýðni I og II

25. Næsti fundur stjórnar miðvikudaginn 29. júlí kl. 17:00.